



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF APRÍLMÁNAÐAR 2024

 VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM

 FV@VESTFIRDIR.IS
 WWW.VESTFIRDIR.IS
 450-6600

FISKELDI, FRAMTÍÐIN Á VESTFJÖRÐUM



Í opnu auglýsingu í Morgunblaðinu 2. maí hvetur forystufólk úr ferðaþjónustu og stangveiði, alþingismenn og ráðherra til að banna sjókvíaeldi við Ísland. Undir þetta tekur svo umtalsverður fjöldi erlendra aðila. En hvað þýðir þessi krafa fyrir Vestfirði? Í stuttu máli þýddi bann við sjókvíaeldi á Íslandi hrun atvinnulífs og í kjölfarið samfélags á Vestfjörðum. Allt að 300 manns myndu á einu bretti missa vinnuna sem gæti orsakað brottflutning um 1000 manns. Það þýðir að allt að 300 manns missi vinnuna, það þýðir að allt að 1000 manns flytji í burtu á einu bretti. Tekjur sveitarfélaga drægjust saman sem því næmi, fasteignaverð myndi hrynja og svæðið færi enn á ný úr sókn í bullandi vörn. Ólíklegt er að aðrar atvinnugreinar næðu að koma á móti því hruni og er sú framtíðarsýn ekki mjög sjálfbær fyrir svæðið.

Auðlindagjöld og uppbygging

Sjókvíaeldi er sú atvinnugrein sem hefur haft hvað jákvæðust áhrif á byggðaðróun á Vestfjörðum á undanförunum árum og er því ekki ofsagt að auglýsingu sem þessari sé beinlínis beint gegn samfélögum á Vestfjörðum sem hafa á undanförunum árum fengið mikla innspýtingu vegna mikilla fjárfestinga í sjókvíaeldi og tengdum greinum. Á svæðinu hefur orðið til umfangsmikil starfsemi á þessu sviði og fjöldi fjölbreyttra starfa.

Sú mynd hefur verið teiknuð upp að fiskeldið sé eingöngu byggt upp af erlendum fjárfestum, að af því séu engir skattar greiddir og að í fiskeldinu starfi bara einhleypir erlendir karlmenn. Staðreyndin er sú að íslensk fiskeldisfyrirtæki eru bæði í eigu íslenskra og erlendra aðila, meðal annars í eigu öflugra íslenskra fyrirtækja, banka og lífeyrissjóða. Starfsmenn í fiskeldi eru bæði innlendir og erlendir og greiða sína skatta og gjöld innanlands, skattspor fyrirtækjanna umtalsvert. Inni í því skattspori eru greiðslur fyrirtækjanna í umhverfissjóð sjókvíaeldis og fiskeldisgjald sem rennur til sveitarfélaga og ríkis.

Árið 2023 greiddu fyrirtæki í fiskeldi 650 milljónir í fiskeldissjóð og áætlað er að 1,3 milljarður verði greiddur á þessu ári. Sveitarfélög á Vestfjörðum og Austfjörðum fengu nýlega úthlutað tæplega 430 milljónir til ýmiskonar uppbyggingarverkefna sem ekki hefði verið möguleiki á að fara í ef ekki hefðu komið til fjármunir úr fiskeldissjóði. Nú á að fara að byggja nýjan leik- og grunnskóla á Bíldudal og byggja hefur þurft við leikskóla á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Ísafirði. Í flestum þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum er verið að byggja ný hús, uppbygging er á höfnum og íbúum hefur fjölgað nokkuð.

Framkvæmdir og fjárfestingar

Byggð á Vestfjörðum átti um langt skeið undir högg að sækja og mátti um áratugaskeið búa við skarðan hlut úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Um það verður ekki deilt þegar horft er til samgangna og raforkukerfis þar sem við erum enn að súpa seiðið af ákvörðunum sem teknar voru fyrir áratugum um að Hringvegur 1 um Ísland næði ekki til Vestfjarða og byggðalína raforku ekki heldur. Þessar ákvarðanir, sem og áföll vegna náttúruhamfara hafa gert það að verkum að svæðið hefur ekki verið samkeppnishæft við aðra landshluta. Meðal annars vegna uppbyggingar í fiskeldi erum við að sjá fram á breytt landslag varðandi samgöngur á landi og má þar nefna Dýrafjarðargöng, vegi um Dynjandisheiði og Gufudalssveit. Enn er þó nokkuð í land með að samgöngur á Vestfjörðum svari kalli samfélaganna en stór skref hafa verið stigin og í raforkumálum er langt í svæðið sé samkeppnishæft við aðra landshluta.

Á Vestfjörðum hafa erlendir aðilar fjárfest mikið á síðustu árum en erlendir aðilar virðast hafa haft meiri trú á möguleikum svæðisins en íslenskir fjármagnseigendur sem hafa meðal annars sett fyrir sig skort á innviðum. Margar stærri framkvæmdir á Vestfjörðum síðustu ár hafa verið mjög umdeildar á þeim forsendum að vernda þurfi einstaka náttúru svæðisins. Hægt er að nefna deilur um vegagerð, virkjanir og nú sjókvíaelði. Hér kallast á viðhorf verndunar og nýtingar auðlinda og má spyrja hversu hátt geymsluvirði Vestfjarða er í augum almennings og ráðamanna. Er það nógu hátt til að hægt sé að tryggja góða innviði á svæðinu án þess að á móti komi verðmætasköpun?

Mótun atvinnugreinar

Fjórðungssamband Vestfirðinga, Vestfjarðastofa, sveitarfélög á Vestfjörðum og margir fleiri hafa um langt skeið kallað eftir því að umgjörð sjókvíaeldis sé í lagi. Með því eru sköpuð skilyrði til sjálfbærrar uppbyggingar lagareldis svo efla megi verðmætasköpun, atvinnulíf og byggð. Með regluverkið í lagi er stuðlað að ábyrgu lagareldi og verndun villtra nytjastofna. Um langt skeið hefur verið kallað eftir því að rannsóknir og eftirlit með greininni sé eft. Sá rammi sem kallað hefur verið eftir hefur mótast í alltof smáum skrefum. Oft hefur það verið þannig að stjórnvöld á hverjum tíma hafi verið stærsta hindrunin við að móta alvöru umgjörð. Ekki fyrirtæki í fiskeldi eða samfélögin hér fyrir vestan.

Í hvert sinn sem kom til breytinga á lagaumhverfi var ítrekuð krafan um heildstæða stefnumótun vegna fiskeldis. Þessu ákalli var ekki sinnt fyrr en vinna við stefnumótun hófst árið 2016 og ári síðar voru drög sett fram en aldrei var lokið við þá vinnu. Það er ekki fyrr en árið 2023 þegar sett var af stað vinna við stefnumótun lagareldis af hálfu Matvælaráðuneytis undir forystu Svandísar Svavarsdóttur. Afrakstur þeirrar vinnu var meðal annars skýrsla Ríkisendurskoðunar og skýrsla Boston Consulting Group sem nýttar hafa verið í það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi um lagareldi.

Með þessu frumvarpi um lagareldi er í fyrsta sinn komin heildstæð nálgun á ramma þessarar atvinnugreinar, en umræðan um frumvarpið hefur til þessa snúist um eina grein sem varðar tímalengd leyfa, en því hefur alveg verið sleppt að fagna því jákvæða sem er í frumvarpinu og stutt getur við sjálfbæra uppbyggingu fiskeldis á Íslandi til framtíðar. Sú sjálfbæra uppbygging styður einmitt sjálfbæra framtíð Vestfjarða.

Óvægin umræða

Það er sárt fyrir íbúa Vestfjarða að sitja undir þeim linnulausu árásum sem gerðar eru á þessa atvinnugrein sem hefur leitt til meiri uppbyggingar en sést hefur á svæðinu um áratuga skeið. Atvinnugrein sem eins og ferðaþjónusta, sjávarútvegur og stærstur hluti atvinnustarfsemi á Íslandi byggir á nýtingu auðlinda. Óhætt er að fullyrða að enginn íbúi á Vestfjörðum vill annað en sjálfbæra nýtingu auðlinda og að fiskeldi sé lúti ströngum kröfum og eftirliti.

Umræða undanfarinna mánaða hefur verið óvægin og hörð og svo virðist að tilgangurinn helgi meðalið. Í þessari umræðu er einskis svifist. Baráttan beinist gegn samfélögunum, íbúum þeirra og afkomu. Rangfærslur eru settar fram sem staðreyndir jafnvel af málsmetandi fólki sem hefur greiðan aðgang að eyrum almennings og ætti að vita betur. Svo virðist sem óþrjótandi (erlent) fjármagn sé á bak við baráttuna gegn sjókvíældinu, baráttu sem forsvarsmaður erlends stórfyrirtækis sagði á síðum íslenskra blaða „að væri barátta sem hægt væri að vinna“.

Nú er blásið til orustu á síðum Morgunblaðsins af hálfu fyrirtækja í ferðaþjónustu og stangveiði sem studd er af erlendum aðilum. Orustu sem beinist með harkalegum hætti að atvinnulífi og samfélagi á Vestfjörðum. Mál er að linni. Við köllum eftir hófsamari, fjölbreyttari og upplýstari umræðu um atvinnugreinina fiskeldi þar sem fleiri sjónarmið komast að. Við hvetjum fjölmiðla jafnframt til sinna hlutverki sínu og kalla eftir fleiri sjónarmiðum í umræðum um fiskeldi.

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir
Framkvæmdastjóri
Vestfjarðastofu

Aðalsteinn Óskarsson
Sviðsstjóri byggðapróunar
Vestfjarðastofu



SUMARVIÐBURÐASJÓÐUR ÚTHLUTAR STYRKJUM

Úthlutað hefur verið úr sumarviðburðasjóði hafna Ísafjarðarbæjar. Þetta er í fyrsta sinn sem sjóðurinn veitir styrki og var áhersla lögð á viðburði á tímum er skemmtiferðaskip eru í höfn í sveitarfélaginu. Markmiðið með úthlutuninum er að styrkja og bæta bæjarbraginn í tengslum við skemmtiferðaskipakomur.

Heildarupphæð til ráðstöfunar var 5.000.000. kr. 22 umsóknir bárust þar sem sótt var um fyrir rúmar 16 milljónir króna og var ákveðið að veita eftirfarandi 12 verkefnum styrk í þessari úthlutun:

Miðvikuröð, Skúli Þórðarson, 800,000 kr.

Hljómórar syngja fyrir ferðamenn í Neðstakaupstað, Jóngunnar Biering Margeirsson, 800,000 kr.

Flæðisker - opin myndlistarsýning í Tungu, Rannveig Jónsdóttir, 500,000 kr.

Around Þingeyri in 80 minutes, Kómedíuleikhúsið atvinnuleikhús Vestfjarða, 500,000 kr.

Leiðsögn um listasýningar, Edinborgarhúsið, 400,000 kr.

Hádegisjazz Edinborgarhússins, Edinborgarhúsið, 400,000 kr.

Skemmtiferðavænt Gefum íslensku séns - Túristar bjóða góðan daginn, Háskólasetur Vestfjarða fyrir hönd Gefum íslensku séns, 400,000 kr.

Gosi – hádegistónleikar, Andri Pétur Þrastarson, 300,000 kr.

Steinamálun, María Lárusdóttir, 300,000 kr.

Íslenskir trúbadorar á torginu, Árni Heiðar Ívarsson og Fjöltnir Ásbjörnsson, 250,000 kr.

Leikið á safnkostinn, Byggðasafn Vestfjarða, 200,000 kr.

Trúbadorinn undir berum himni, Steingrímur Rúnar Guðmundsson, 150,000 kr.

Sjóðurinn er liður í stefnu Ísafjarðarbæjar um móttöku skemmtiferðaskipa. Honum er ætlað að styrkja menningu og félagslíf í bænum og einnig að styrkja sjálfstæð verkefni sem efla hafnir Ísafjarðarbæjar sem áfangastað. Áherslur sjóðsins taka breytingum frá ári til árs.

Við þökkum kærlega öllum þeim sem sendu inn umsókn og óskum styrkþegum innilega til hamingju með styrkina og hlökkum til að sjá verkefnin verða að veruleika.



HEILL HEIMUR AF BÖRNUM Á PÚKANUM

Í Grunnskólanum á Ísafirði fengu krakkarnir á miðstigi virkilega spennandi verkefni á barnamenningarhátíðinni Púkanum. Verkefnið bar heitið *Heill heimur af börnum – Börn setja mark sitt á Íslandskortið*. Þau unnu saman í smíðjum þar sem þau veltu fyrir sér hvernig hver og einn, og rödd hvers og eins, skipti máli í lýðræðislegu samfélagi. Þau litu til fortíðar og framtíðar og stöldrúðu við í nútímanum.

Í gegnum verkefnið hlúa þau að virðingu hvert fyrir öðru þvert á fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þau efla forvitni sína og áhuga um sjálf sig og samferðafólk sitt og líta til þess hvert ríkidæmið er á hverjum stað. Það fellur afskaplega vel að þema Púkans í ár, sem valið var af vestfirskum ungmennum og verpist í kringum spurninguna *af hverju búum við hér?*

Við kíktum í heimsókn í Grunnskólann á Ísafirði og fræddumst um verkefnið. Þá voru krakkarnir að setja upp á miða á fjölmörgum tungumálum þau gildi sem þau höfðu komið sér saman um. Þegar þau voru spurð út í hverjir kostir þess að búa á Ísafirði væru stóð ekki á svörum. Yfirgnæfandi meirihluti sagði að það fælist mikið frelsi í því að vera barn á Ísafirði. Þau hefðu frelsi yfir tíma sínum og þyrftu ekki að hafa áhyggjur af hættulegri umferð eða að vera háð bílum. Friður var einnig nefndur sem ótvíræður kostur og að það væri lítil mengun. Stuttar vegalengdir, snjór, skíði og bláber var einnig nefnt.

Afrakstur vinnu þeirra var síðan kynntur á Menningarmóti sem fram fór í skólanum þann 18. apríl. Risastór regnbogi á fjölmörgum tungumálum birti gildin sem krakkarnir höfðu komið sér saman um að væru mikilvægust. Krakkarnir sýndu fjársjóðskistur sem innihéldu það sem þeim þótti dýrmætt, sólir sem þau höfðu gert og sýndu það sem lét þau ljóma, tímalínu lífs síns, auk þess sem þau svöruðu spurningu um hvað þau myndu gera ef þau væru forseti. Verkefnið var leitt af Kristínu R. Vilhjálmisdóttur sem hefur um árabíl leitt vinnu sem þessa og haldið mörg Menningarmót barna á Íslandi og í Danmörku. Verkefnið er einnig liður í 80 ára afmæli lýðveldisins Íslands sem fagnað er í ár og eru það Safn Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum sem fara fyrir því.





UNGMENNAPING VESTFJARÐA HALDIÐ MEÐ GLANS

11.-12. apríl fór fram Ungmennaping Vestfjarða í Menntaskólanum á Ísafirði. Þingið tókst stórvel til og mikil ánægja með það meðal þátttakenda sem og skipuleggjenda. Þetta er í annað sinn sem slíkt er haldið og sótti það fimmtíu 13-18 ára ungmenni frá öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum þar sem ungmenni eru búsett. Vilborg Pétursdóttir verkefnastjóri hjá Vestfjarðastofu hafði með höndum skipulagningu þingsins og Sævar Helgi Bragason var þingstjóri.

Á fyrsta ungmennapinginu sem haldið var í Bjarnarfirði á Ströndum fyrir tveimur árum var valinn undirbúningshópur fyrir þetta þing sem kaus fyrir það þemað Náttúran og umhverfið. Auk þingstjórnar var Sævar Helgi með erindi um umhverfismál, sjálfbærni og loftslagsmál og svo um töfra náttúrunnar. Hjörleifur Finnsson verkefnisstjóri umhverfis- og loftslagsmála hjá Vestfjarðastofu var einnig með erindi um skyld mál.

Þingkonan Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir og Arna Lára Jónsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar veittu ungmennunum innsýn í stjórnsmál og stjórnsýslu. Þá fengu þau aðra heimsókn frá Vestfjarðastofu er Sigríður Kristjánsdóttir, Anna Sigríður Ólafsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir kynntu Sóknaráætlun Vestfjarða.

Nú stendur yfir vinna við gerð nýrrar sóknaráætlunar og voru þær með vinnustofu með krökkunum þar sem þau lögðu fram sína sýn á kosti og galla þess að búa á Vestfjörðum og framtíðarhorfur.

Kosið var í ungmennaráð Vestfjarða. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt er kosið og mun það starfa á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga og vera því til ráðgjafar. Ráðið er skipað til eins árs í senn, en þetta fyrsta ungmennaráð mun starfa fram á haust 2025 er næsta ungmennaping verður haldið. Kosinn var einn aðalmaður og einn varamaður frá öllum þátttökusveitarfélögum og mynda þessi hið fyrsta ungmennaráð:

Salvör Sól Jóhannsdóttir (formaður), Hildur Ása Gísladóttir (varaformaður), Soffía Rún Pálsdóttir (kynningarfulltrúi), Guðbjörg Ósk Halldórsdóttir (ritari), Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir, Hávarður Blær Ágústsson, Rafael Filipe da Silva Rosa og Andrés Páll Ásgeirsson.

Varamenn eru: Jón Guðni Guðmundsson, Benedikt Einar Egilsson, Kristjana Kría Lovísa Bjarnadóttir, Ásborg Styrjímisdóttir, Ingvar Þór Pétursson, Anastasia Kryzhanovska og Ásgeir Þór Marteinsson.

Það er alveg óhætt að segja að ungmennapingið gefi góða von um framhaldið og það verður gaman að fylgjast með ráðgjafastörfum og verkum þessa unga og kraftmikla fólks.



ÁRSFUNDUR BYGGÐASTOFNUNAR

Ársfundur Byggðastofnunar var haldinn í Félagsheimilinu í Bolungarvík þann 17. apríl. Margt var um manninn og tókst fundurinn með miklum ágætum enda fundarstjórn í traustum höndum bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar Jóns Páls Hreinssonar. Hann var einnig með erindi á fundinum um mannfjöldapróun og þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað í sveitarfélaginu undanfarin ár. Kynnt var ný stjórn Byggðastofnunar sem Svandís Svavarsdóttir innviðaráðherra hefur skipað og er Guðný Hildur Magnúsdóttir frá Bolungarvík nýr varaformaður hennar. Þá voru hefðbundin ávörp og einnig var erindi um lánveitingar Byggðastofnunar.

Tvö rannsóknarverkefni voru kynnt. Ísfirðingurinn Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir kynnti niðurstöður meistararannsóknar sinnar, en hún skoðaði upplifun heilbrigðisstarfsfólks og reynslu af vinnu í kringum snjóflóðið í Súðavík. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir kynnti byggðarannsóknarverkefni sem hún vinnur að og snýr að bolmagni íslenskra sveitarfélaga í skipulagsmálum. Þá var kynnt hvaða verkefni hlutu byggðarannsóknarstyrki í ár, en úthlutað var 17.5 m.kr. til sex verkefna.

Landstólpinn var afhentur og hlaut hann Enskumælandi ráð Mýrdalshrepps. Ráðið sem skipað er sjö fulltrúum af sex þjóðernum hefur verið ötult við að kynna þjónustu sveitarfélagsins fyrir nýbúum og koma með ábendingar hvar sveitarfélagið gæti komið betur til móts við nýja íbúa.

Ráðið eflir samfélagslega þátttöku íbúa sem annars gætu verið jaðarsettir og gefur erlendum íbúum vettvang til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Landstólpinn er hvatningar- og bjartsýnisverðlaun til velheppnaðar samfélagsverkefna og var hann nú veittur í þrettánda sinn.



FJÓRÐUNGSPING AÐ VORI HALDIÐ Á ÍSAFIRÐI

Fjórðungsþing að vori var haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirð þann 10. apríl. Að vanda komu þar saman kjörnir fulltrúar á Vestfjörðum. Á þinginu var farið yfir skýrslu stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og þeirra rekstrareininga sem það ber ábyrgð á. Afgreiðsla ársreiknings 2023 fór þar fram og samþykkt var endurskoðuð fjárhagsáætlun.

Jóhann Birkir Helgason var kosinn aðalmaður í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga í stað Aðalsteins Egils Traustasonar sem nú lætur af störfum. Dagný Finnbjörnsdóttir var kosinn varamaður í stjórn og Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir kosin varamaður í fjárhagsnefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga. Fyrir þinginu lá að kjósa kjörnefnd fyrir Fjórðungsþing að hausti en var því frestað vegna væntanlegra kosninga í nýju sveitarfélagi á suðursvæði Vestfjarða. Kosning verður kláruð á sumarþingi sem fer fram á netinu 19. júní. Samþykkt var að halda 69. Fjórðungsþing að hausti á Laugarhóli í Bjarnarfirði dagana 18. og 19. október.

Hrafnkell Proppé og Héðinn Unnsteinsson frá VSÓ ráðgjöf/Urbana kynntu drög að lýsingu á Svæðisskipulagi Vestfjarða sem nú er í vinnslu. Þetta er í fyrsta sinn sem ráðist er í það mikilvæga verkefni að gera sameiginlegt skipulag sem þetta fyrir svæðið í heild sinni. Áætlað er að vinna við það taki um tvö ár og verður það unnið í nánú samstarfi við Vestfirðinga á breiðum grunni. Einnig kynntu þeir drög að markmiðum og áherslum Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 sem einnig er í vinnslu um þessar mundir. Í lok kynningar þeirra fóru fram góðar umræður hjá sveitarstjórnarfólki um efni lýsingar og var samhljómur um mikilvægi þess að staðið sé vel að þessari veigamiklu vinnu.



SKOÐUÐU SAMFÉLAGSLEGA NÝSKÖPUN Á VESTFJÖRÐUM

Þátttakendur í MERSE, sem Vestfjarðastofa er aðili að, komu í heimsókn á Vestfirði dagana 9.-10. apríl. Mid Sweden University (Mittuniversitetet) leiðir verkefnið, en auk Svía taka þátt aðilar frá Noregi, Finnlandi, Írlandi og auðvitað Íslandi. Þetta er í annað skiptið sem hópurinn hittist á staðfundum og var áherslan núna á að undirbúa fasa tvö hjá verkefninu sem snýr að því að þróa stuðningskerfi fyrir samfélagslega nýsköpun. Í þeim vinnupakka verður meðal annars komið á tengslaneti á milli þeirra aðila sem hafa valist í verkefnið, þar sem þeir munu deila þekkingu sinni og læra hver af öðrum.

Hópurinn heimsótti tvo af þremur aðilum sem hafa verið valdir sem þátttakendur í verkefninu á Vestfjörðum: Galdrasýninguna á Hólmavík og Netagerðina á Ísafirði, en Skriða á Patreksfirði er þriðji þátttakandinn. Einnig heimsóttu þau Skjaldborgarbiói á Patreksfirði og Blábankann á Þingeyri. Það er óhætt að segja að um skottúr á Vestfirði hafi verið að ræða á þessu fremur kalda vori, er þau tóku Vestfjarðahringinn frá Reykjavík og aftur til baka á þessum tveimur dögum. En allt fór þetta vel með Víkara við stýrið á langferðabilnum og gleðina að vopni hjá þátttakendum.

MERSE hefur undirtitilinn Business Models Empowering Rural Social Entrepreneurship voicing the rural norm. Verkefnið er stutt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins. Það hófst á síðasta ári og stendur fram til 2026. Markmiðið þess er að þróa viðskiptamódel, stuðningskerfi og aðstæður fyrir samfélagsfrumkvöðla sem annað hvort vilja stofna eða þróa samfélagsdrifin verkefni í dreifðum byggðum.



MENNTASTEFNA VESTFJARÐA KOMIN Á VEF VESTFJARÐASTOFU

Menntastefna Vestfjarða hefur nú verið birt á heimasíðu Vestfjarðastofu. Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga síðastliðið haust sammæltust sveitarfélögin á Vestfjörðum um að innleiða og nýta við skólastefnur sveitarfélaganna nýja Menntastefnu Vestfjarða, sem Vestfjarðastofa hefur unnið. Jafnframt myndu þau leggja til aðgerðir sem styðja við framtíðarsýn, leiðarljós og markmið hennar. Við afgreiðslu sveitarfélaga kom fram eindreginn vilji til að mótuð væri aðgerðaáætlun með mælanleg árangursviðmið til þess að fara eftir sem myndi styrkja vægi Menntastefnu og fylgni. Það er mat Vestfjarðastofu að mikilvægt sé að vinna af krafti að slíkri aðgerðaáætlun. Til að svo megi verða þarf fjármagn og mannskap. Einnig þarf að skapa vettvang, vinna greiningar og tryggja samstarf svo að hún skili sem bestum árangri.

Því var beint ráðuneyta, Fjórðungssambands Vestfirðinga og sveitarfélaganna á svæðinu að nýta og styðja við stefnuna í mótun aðgerða og stefnumótunarvinnu. Til að svara því kalli átti Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu fund með Ásmundi Einari Daðasyni, barnamálaráðherra. Þar kynnti hún fyrir honum Menntastefnu Vestfjarða og þá vinnu sem nú er í gangi um mótun nýrrar Sóknaráætlunar Vestfjarða. Það er gaman að segja frá því að í sömu heimsókn undirritaði Ásmundur Einar samning um nýtt verknámshús við Menntaskólann á Ísafirði, svo það er óhætt að segja að gæfuhjól iðnnáms á svæðinu hafi tekið gleðilegan snúning.

Menntastefna Vestfjarða





VESTFIRÐINGAR ÁHUGASAMIR UM ÚRGANGSFORVARNIR

Umhverfisstofnun boðaði til fundar vegnar nýrrar stefnu um úrgangsfornir undir formerkjum Saman gegn sóun í Edinborgarhúsinu á Ísafirði þann 16. apríl. Þar gafst almenningi, fyrirtækjum og stofnunum færi á að fræðast um þau tækifæri sem liggja í bættri nýtingu og minni sóun og koma með tillögur að aðgerðum í nýju stefnunna.

Vestfirðingar eru greinilega mjög áhugasamir um úrgangsfornir og hringrásarhagkerfið, því 35 manns voru mætt í Edinborgarhúsið og um 20 manns voru á fundinum í streymi. Fundurinn tókst með miklum ágætum og voru þar samankomin fulltrúar fyrirtækja, opinberra stofnana, listafólk, námsmenn, eftirlaunaþegar og áhugafólk um umhverfis- og samfélagsmál.

Í upphafi hlýddu fundargestir á erindi frá Saman gegn sóun, Vestfjarðarstofu, Samkaup og Kerecis. Þá tók við vinnustofa þar sem þátttakendum gafst færi á að ræða saman, deila hugmyndum og koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Rauði þráðurinn í umræðunum var sá að mikil þörf væri á fræðslu, vitundarvakningu, ráðgjöf og stuðningi þegar kemur að úrgangsförnum og hringrásarhagkerfinu á Vestfjörðum, bæði til einstaklinga en ekki síður fyrirtækja. Veita þarf fyrirtækjum ráðgjöf um bestu leiðirnar eða lausnirnar í átt að bættri nýtingu, t.d. hvað varðar tæknilegar lausnir, tengja þarf saman fyrirtæki sem geta nýtt úrgang eða hliðarafurðir frá hvert öðru og sömuleiðis tengja saman fyrirtæki og hönnuði.

Þá kom fram að mikilvægt væri að auka sýnileika þeirra vara sem gerðar hafa verið úr aukaafurðum fyrirtækja og jafnvel setja á fót einhverskonar umbunarkerfi/ívilnanir fyrir fyrirtæki sem gera vel í því að draga úr sóun. Rætt var hvernig sveitafélögin geta aðstoðað fólk og fyrirtæki að draga úr sóun, t.a.m með því að setja á laggirnar markað með notaðar byggingarvörur, skipuleggja viðgerðarviðburði og fataskiptimarkaði, og tryggja viðeigandi fræðslu um hringrásarhagkerfið á öllum skólastigum. Tíðrætt var um að stórbæta þurfi aðgengi að umbúðarlausum vörum í verslunum á Vestfjörðum. Samstarf, nægjusemi, samnýting, einföldun, hringrás, gæði, umbúðalaust, sjálfbærni og endurnýting voru meðal þeirra orða sem fólk stakk upp á þegar spurt var um hvaða orð komu upp í hugann þegar fólk hugsar um framtíðarsýn Íslands í úrgangsförnum.



STYRKJUM ÚTHLUTAÐ ÚR STERKUM STRÖNDUM

Fyrr í mánuðinum var styrkjum úthlutað úr byggðapróunarverkefninu Sterkum Ströndum og er þetta í síðasta sinn sem styrkjum er úthlutað úr því. Heildarupphæð styrkúthlutana var 23.5 m.kr. sem veitt var til 18 verkefna. Hæstu styrkina að upphæð 3 m.kr hlutu Galdur brugghús fyrir Kuklið – frumkvöðlasetur matvæla og Ólafur Númasson fyrir Norðurfjöru.

Auglýst var eftir umsóknum í byrjun febrúar og bárust 33 umsóknir að upphæð rúmar 87 m.kr. til Sterkra Stranda að þessu sinni. Allt voru það umsóknir sem féllu vel að verkefninu en eins og gefur að skilja þá var ekki til fjármagn til að úthluta til allra. Boðið var til úthlutunarhófs á Café Riis þann 18. apríl þar sem Sigurður Líndal Þórisson verkefnisstjóri Sterkra Stranda úthlutaði styrkjunum með liðsinni frá forsvarsmönnum Byggðastofnunar, en hún stendur að baki Brothættum byggðum sem Sterkar Strandir eru aðili að.

Við óskum styrkþegum innilega til hamingju og hlökkum til að fylgjast með þróun verkefnanna. Hér að neðan má sjá heildarlista yfir styrkúthlutanir.

Styrkþegi	Verkefnisheiti	Styrkloforð
Galdur brugghús	Kuklið - frumkvöðlasetur matvæla	3.000.000
Ólafur Númasson	Norðurfjara	3.000.000
Aleksandar Kuzmanic	Equipment upgrade and growth	2.500.000
Valgeir Örn Kristjánsson	Strandagluggar og hurðir.	2.500.000
Úr sveitinni ehf	Strandarætur	2.200.000
Fine Foods Íslandica ehf, Sveppasmiðja ehf	Co-production space at Kuklið to strengthen Strandabyggð businesses	2.200.000
Skíðafélag Strandamanna	Bætt aðstaða í skíðaskála	2.000.000
Hafdis Gunnarsdóttir	Uppbygging á Smiðjunni.	800.000
Röfn Friðriksdóttir	Stofa	750.000
Arnkátla lista- og menningar	Galdrafár á Ströndum	750.000
Pakkhúsið Vík ehf	Aukið vöruval í Pakkhúsinu	700.000
Ágúst Helgi Sigurðsson	Hagkvæmnisathugun vegna steypustöðvar á Hólmavík	600.000
Sögusmiðjan	Kortlagning gönguleiða í nágrenni Hólmavíkur	600.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses	Minningatorg og sögusýning við Sævang	500.000
Sauðfjársetur á Ströndum ses	Fjárréttir fyrr og nú	500.000
Fjölmoður Fróðskaparfélag á Ströndum	Ráðstefnustaðurinn Strandir	350.000
Skíðafélag Strandamanna	Trékyllisheiðin 17. ágúst 2024 - utanvegahlaup	300.000
Leikfélag Hólmavíkur	Leikrit í fullri lengd	250.000



FRAMTÍÐARMÖGULEIKAR BREIÐAFJARÐAR

„Leit að jafnvægi milli verndar og nýtingar“ var yfirskrift þriggja upplýsinga- og umræðufunda sem haldnir voru vegna verkefnis um framtíð Breiðafjarðar. Þriðji og síðasti fundurinn var haldinn á Birkimel á Barðaströnd, þriðjudaginn 26. mars, en áður voru sambærilegir fundir haldnir að Laugum í Sælingsdal og í Stykkishólmi.

Að verkefninu stóðu Fjórðungssamband Vestfirðinga og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, fyrir hönd stýrihóps sem fékk það verkefni að gera forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar með tilliti til byggðapróunar og sjálfbærrar nýtingar.


Á fundunum var sagt frá stöðugreiningu sem sýnir hvað Breiðafjörðurinn er einstakur, sama hvert litið er, greiningu um hagrænt virði Breiðafjarðar og sviðsmyndgreiningu, þar sem horft var til ársins 2040. Ein sviðsmyndanna fékk heitið „Breiðfirskir straumar“. Hún vísar til þess að með áherslu á verndun og fjölbreytt atvinnulíf, verði staða Breiðarfjarðar sterk, með öflugu rannsóknarstarfi, sem styrkt er af yfirvöldum, langtímahugsun í allri uppbyggingu, þar sem sjálfbærniáherslur blómstra.

Markmið fundanna var að kynna íbúum og hagaðilum þessar greiningar og fá viðbrögð á drög að tillögum sem stýrihópurinn mun síðan afhenda umhverfis-, orku og loftslagsráðherra.

Samtals mættu um 90 manns á fundina þrjá og greinilegt að fólk kunni að meta það að vera boðið til umræðu um sitt heimasvæði og framtíðina. Þátttakendur rýndu tillögurnar í litlum hópum og höfðu líka frelsi til að ræða annað sem þeir telja mikilvægt til að ná jafnvægi milli verndar og nýtingar á Breiðafjarðarsvæðinu.

Yngsti þátttakandinn á fundinum í Birkimel kom vegna mikils áhuga á málefnum og hafði kynnt sér tillögurnar á netinu fyrir fundinn. Sá er á sextánda ári og má því segja að þar hafi rödd framtíðar ratað inn í umræðuna.

Lesi má nánar um Framtíðarmöguleika Breiðafjarðar í heild sinni á vestfirdir.is undir liðnum verkefni.



FJARSKIPTAÁÆTLUN VESTFJARÐA KOMIN ÚT

Gagna ehf. hefur fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga gert úttekt á stöðu fjarskiptamála á Vestfjörðum. Þann 8. Apríl s.l. kynnti Þorsteinn Gunnlaugsson ráðgjafi hjá Gagna hina nýútkomnu Fjarskiptaáætlun Vestfjarða. Skýrslan tekur til stöðu farneta og fastaneta, þ.e. farsímadreifikerfa og ljósleiðara/koparheimtauga, auk öryggissamskiptakerfa Tetra og dreifingu útvarps.

Á síðasta ári gaf Fjarskiptastofa út tíðniheimildir til 20 ára, með skilyrðum um háhraða farnetsþjónustu í byggð sem á að vera lokið árið 2027 og á stofnvegum sem á að vera lokið árið 2026. Á Vestfjörðum liggur fyrir uppsetning 24 nýrra sendistaða til að ná sem næst slitlausri þjónustu á stofnvegum. Í skýrslunni kemur fram að fjarskiptafélögin útiloki ekki að unnið verði að frekari dreifingu en til þess þurfi sveitarfélögin að vera skýr með hvaða staði skuli settir í forgang og eiga í virku samtali um það.

Á Vestfjörðum er mjög mismunandi aðgengi að ljósleiðaratengingum og hafa aðeins Ísafjörður og Súðavík náð þá 80% viðmiði sem stjórnvöld hafa sett í þeim efnum til ársins 2028. Ef allt gengur að óskum munu Patreksfjörður, Þingeyri, Suðureyri og Flateyri bætast við í ár. Á svæðinu skera sig úr Hólmavík, Tálknafjörður og Bildudalur þar sem nánast ekkert aðgengi var að ljósleiðaratengingu á þeim tíma er skýrslan var gerð árið 2023.

Gæði útvarpsdreifinga eru víða slæm á Vestfjörðum og þarf að bæta. RÚV er eina stöðin sem enn vinur að bætingu á FM kerfum sínum. Bylgjan sem hefur verið með stærsta dreifikerfi einkastöðva hefur hætt að vinna að frekari útbreiðslu, en ekki þyrfti marga senda til að stórbæta dreifikerfi hennar á svæðinu.

Skýrsluna í heild sinni má lesa [hér](#) á vef Vestfjarðastofu.



STEFNA Í ÚRGANGSMÁLUM Í MÓTUN

Það er af sem áður var, nú þykir allt sem viðkemur úrgangsmálum afar spennandi og skemmtilegt. Sorp er ekki lengur rusl heldur auðlind sem okkur ber að nýta sem allra best samkvæmt lögum. Þau lög (um meðhöndlun úrgangs) skylda sveitarfélögin til að gera svokallaða svæðisáætlun um úrgang, sem markar stefnu og skilgreinir aðgerðir í úrgangsmálum til tólf ára í senn. Sú vinna hófst sameiginlega hjá sveitarfélögunum á Vestfjörðum síðastliðið haust, en nú nýlega (15.mars) var haldinn fyrsti staðfundurinn um málið á Patreksfirði og mættu átjan manns frá flestum sveitarfélögum (fulltrúi Árneshrepps átti ekki heimangengt vegna ófærðar). Eftir fundinn liggja fyrir fyrstu drög að almennri stefnu sveitarfélaganna svo og drög að aðgerðaáætlun til næstu ára. Ef vel tekst til mun svæðisáætlun úrgang skilgreina samstarf sveitarfélaganna í úrgangsmálum og leiða þannig til betra umhverfis og minni kostnaðar en ella hefði orðið.

